



Efnagreining jarðhitavatns frá Ólafsfirði

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-86-08

EFNAGREINING JARÐHITAVATNS FRÁ ÓLAFSFIÐI

Samkvæmt samkomulagi við Hitaveitu Ólafsfjarðar var 19. október s.l. tekið sýni til efnagreiningar úr holu 4 í Ósbrekku.

Niðurstöður eru í töflunni hér að neðan:

Staður	Ósbrekka holu 4	Ósbrekka holu 3
Dagsetn.	85.10.19	81.08.06
Hiti °C	67,1	68,0
pH/°C	10,25/21	10,30/26
SiO ₂ mg/kg	79,0	86,0
Na "	37,2	39,5
K "	0,6	0,6
Ca "	2,6	2,6
Mg "	0,002	0,00
CO ₂ "	11,2	11,2
SO ₄ "	6,3	7,3
H ₂ S "	0,0	0,08
Cl "	8,8	10,4
F "	0,20	0,18
Uppl. efni "	163	168
O ₂ "	0,030	

Sýnið er það fyrsta sem Orkustofnun hefur tekið úr holu 4, en 1981 var tekið sýni úr holu 3 í Ósbrekku og eru niðurstöður þeirrar efnagreiningar teknar með í töfluna til samanburðar.

Efnasamsetning er mjög svipuð úr báðum holunum og þar sem um einstakt sýni er að ræða úr báðum og efnagreiningar misgamlar getur sá litli munur sem sést ekki talist marktækur.

Vatnið er að allflestu leyti vel fallið til nýtingar og neyslu. Sýrustig er heldur hátt miðað við drykkjarvatnsstaðla, en það kemur ekki að sök í hitaveituvatni. Nokkur vottur er af súrefni í vatninu og er tæringarhætta við nýtingu þess.

Æskilegt væri að fylgjast betur með hugsanlegum breytingum á efnasamsetningu vatnsins og er lagt til að taka sýni til efnagreininga framvegis einu sinni á ári og þá alltaf á sama árstíma t.d. að haustlagi. Breytingar á efnasamsetningu verða oft áður en kæling kemur fram og má þá oft sjá slíkt fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir.